29. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanræksla valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1990.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 202

# REIKNINGUR

**Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1989.**

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989

| | | |
|---|---|---|
| VELTUFJÁRMUNIR | | |
| **Sjóður og bankainnstæður:** | | kr. |
| Bankainnstæður | | 36 846 637,09 |
| **Skammtímakröfur:** | | |
| Ríkissjóður Íslands | | -32 779 023,00 |
| Ríkissjóður, bráðabirgðareikningur v/mótfrl. | | 71 854 617,00 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | | 0,00 |
| Iðgjaldakröfur, áætlun | | 72 676 009,64 |
| Næsta árs afborganir verðtr. skuldabréfa | | 383 904 154,00 |
| Næsta árs afborganir óverðtr. skuldabréfa | | 662 432,00 |
| | Skammtímakröfur | 496 318 189,64 |
| | Veltufjármunir | 533 164 826,73 |
| SKAMMTÍMASKULDIR | | |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | | 7 950 867,00 |
| Aðrar skuldir | | 10 355 957,87 |
| | Skammtímaskuldir | 18 306 824,87 |
| | Hreint veltufé | 514 858 001,86 |
| FASTAFJÁRMUNIR | | |
| **Langtímakröfur:** | | |
| Skuldabréf, verðtryggð | | 3 462 506 354,00 |
| Skuldabréf, óverðtryggð | | 3 301 166,40 |
| Spariskírteini ríkissjóðs, verðtryggð | | 64 756 670,00 |
| | Langtímakröfur | 3 530 564 190,40 |
| Næsta árs afborganir | | 384 566 586,00 |
| | Fastafjármunir | 3 145 997 604,40 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | **3 660 855 606,26** |

## YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 1989

| | | |
|---|---|---|
| FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD | | kr. |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 751 687 624,04 |
| Dráttarvextir vegna iðgjalda | | 4 171 293,34 |
| Leiðrétting á dagsektum fyrra árs | | (138 000) |
| Vaxtagjöld og innheimtulaun | | (1 519 064,73) |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | | (622 847 368,33) |
| | Fjármunatekjur, nettó | 131 354 484,32 |
| IÐGJÖLD | | |
| Iðgjöld framleiðenda, 1,25% af búvöruverði, áætl | | 111 136 399,61 |
| Leiðréttingar v/fyrri ára | | 7 332 728,49 |
| Endurgreiðslur iðgjalda | | (9 834 543,17) |
| Mótframlag, 1,60% af heildarverðmæti búvöru | | 197 971 952,00 |
| Mótframlag, viðbótaráætlun | | 24 251 158,00 |
| | Framleiðendaiðgjöld | 330 857 694,93 |
| Iðgjöld launþega | | 2 106 318,09 |
| Mótframlög vinnuveitenda | | 3 000 643,31 |
| | Launþegaiðgjöld | 5 106 961,40 |
| Réttindaflutningur til sjóðsins | | 3 358 617,19 |
| Réttindaflutningur frá sjóðnum | | (849 344,60) |
| | Réttindaflutningur | 2 509 272,59 |
| | Iðgjöld | 338 473 928,92 |
| FRAMLÖG VEGNA LÍFEYRIS SKV. 2. KAFLA | | |
| Ríkissjóður Íslands, 62,5% | | 68 943 449,00 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins, 37,5% | | 41 366 070,00 |
| | Framlög vegna 2. kafla | 110 309 519,00 |
| AÐRAR TEKJUR/ÖNNUR GJÖLD | | |
| Aðrar tekjur | | 52 531,71 |
| LÍFEYRIR | | |
| Lífeyrir skv. 1. kafla | | 134 333 966,00 |
| Lífeyrir skv. 2. kafla | | 145 916 244,00 |
| Lífeyrir skv. 2. kafla greiddur af umsjónarnefnd eftirlauna | | 0,00 |
| | Greiddur lífeyrir | 280 250 210,00 |
| Greitt af umsjónarnefnd eftirlauna | | (35 803 351,00) |
| Greiddur lífeyrir af Lífeyrissjóði bænda | | 244 446 859,00 |
| Framlag sjóðsins til uppbótar á lífeyri UE | | 10 154 218,00 |
| | Lífeyrir | 254 601 077,00 |

| REKSTRARGJÖLD | kr. |
|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 8 161 848,16 |
| Stofnkostnaður vegna tölvukerfis | 2 696 942,00 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 879 988,10 |
| Rekstrargjöld | 15 738 778,26 |
| Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga | 309 850 608,69 |
| MATSBREYTINGAR | |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 622 847 368,33 |
| Matsbreytingar | 622 847 368,33 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 932 697 977,02 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 2 728 157 629,24 |
| **Hrein eign í árslok 1989 til greiðslu lífeyris** | **3 660 855 606,26** |

Reykjavík, 27. apríl 1990.

**Benedikt Jónsson,**
framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins:
Björn Helgason, formaður
Ásgeir Bjarnason.
Guðjón Hansen.
Gunnar Guðbjartsson.
Sigurður Jónsson.

Endurskoðendur:
Vigfús Gunnarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Einar Sverrisson.
Sigurður Líndal.

Nr. 203 7. maí 1990

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmynda-eftirliti ríkisins, nr. 614/1989, með áorðnum breytingum.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Nú hefur kvikmynd sem dreifa skal til almennings á myndbandi, áður verið skoðuð í kvikmyndahúsi og skal þá aðili skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar einvörðungu greiða mínútugjald kr. 40 fyrir hverja mínútu myndarinnar skv. 1. mgr. vegna skoðunar til staðfestingar á því að um sama eintak kvikmyndar sé um að ræða og áður var skoðað. Ekki er áskilið að tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd þegar svo stendur á nema forstöðumaður telji sérstaka þörf á því.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*